

6. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

Í stað orðanna »til ársloka 1928« í niðurlagi 1. gr. laganna komi »til ársloka 1930«.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Þar sem ákvæðin um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins falla úr gildi í árslok 1928, en eigi þykir gerlegt að láta þau falla úr gildi, án þess að lögleiða einhver tilsvarendi ákvæði í þeirra stað, er þetta frv. fram borið.

Stjórnin hefir eigi sjeð sjer fært að þessu sioni að gera tillögur um gagngerða breytingu á launum starfsmanna ríkisins, enda verður að álita að slikt sje svo mikið og vandasamt verk, að nauðsyn beri til að millípinganefnd starfi að því.